



ÖKUN1SA02

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

(Ökunámsval)

Kennari/kennarar:	Halldóra Björk Guðmundsdóttir
-------------------	-------------------------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga fá nemendur tækifæri til að fá bæði aðstoð og vinna sjálfstætt að bóklegu ökunámi og umferðarfræðslu og stefnan er að fá heimsóknir og jafnvel fara í heimsókn á lögreglustöðina á Selfossi svo nemendur geti kynnt sér störf lögreglu í samhengi við umferðaröryggi og eftirlit. Nemendur fá skólaaðgang að 17.is og geta þau sem vilja notað skólaaðganginn til að tengja við eigin kennitölu ef þau ákveða að kaupa aðgengi að 17.is. Áhersla er lögð samtal um orðaforða í tengslum við umferðarlög og reglur tengdar ökunámi, nemendur þjálfu upp sjálfstæð vinnubrögð á 17.is, samtalshæfni og ábyrgð á sjálfum sér og öðrum í umferðinni.

Undanfari: Engin undanfari.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi sjálfstæðra vinnubragða.
- mikilvægi þess að stuðla að öryggi sínu og annarra í umferðinni.
- mikilvægi þess að skilja innihald ökuskóla 1 og gera sitt besta í að nýta sér efni áfangans.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að leita skýringa hjá kennara og á 17.is á því efni sem reynist krefjandi í bóklega ökunáminu.
- hlutverki sínu sem ábyrgur ökumaður og þátttakandi í umferðinni.

- að þekkja orðalag umferðarlaga og geta notað það til gagns í verkefnum og æfingarprófum tengdum ökunámi.
- að taka stundum þátt í verklegum æfingum í kennslustund þegar við förum yfir merkingar á orðum sem tengjast ökunáminu.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa verkefni tengd bóklegu ökunámi í ökuskóla 1.
- mismunandi viðbrögðum lögreglu við ólíkum umferðarlagabrotum.
- þekkja sem flest umferðarmerki sem eru hluti af bóklegu ökunámi.
- lesa úr texta sér til gagns og nota myndbönd til skýringa á umferðarreglum og því sem snýr að bóklega ökunáminu.
- leita aðstoðar hjá kennara með þær áskoranir sem bóklega ökunámið felur í sér.

Námsefni: Námsefni af 17.is auk þess að æfingapróf og ýmsar æfingar tengdar ökunámi af vefsíðum t.d. frekari fræðsla fyrir umferðarmerki og lög tengd umferðaröryggi.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6.- 30. janúar	Kennsla hefst föstud. 9. janúar.	Einstaklingsviðtöl Verkefni af 17.is Vettvangsferð í nærumhverfi - umferðarmerkin skoðuð
5 - 8	2.- 27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Einstaklingsvinna Fræðsla frá lögreglunni Í lok mánaðar skil á verkefnum úr þeim lotum sem lokið hefur verið við.
9 - 12	1.- 27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar 18. - 19. mars Flóafár 20. mars kennsla fellur niður þegar Flóafár er.	Einstaklingsvinna Unnið í lotum í Ökuskóla 1 - fræðsla frá ökukennara?

13 - 16	7.- 30. apríl		
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Ökuskóli 1 gerður upp. Nemendur velja hvort þeir vilji tengja skólaaðgang við eigin kennitölu. Skil á æfingaprófum

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu. og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og ekki er krafist heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf.

Mikið er lagt upp úr virkni í tímum. Virkni og verkefnavinna eru metin til einkunnar.

Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari skrá F hjá viðkomandi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnavinna	Verkefni nemenda	50%

Virgni í tímum	Verklag, sjálfstæði og fagmennska	30%
Mæting	Hámark fjarveru úr 2ja eininga áfanga eru 5 F. Við 6. fjarvist er nemandi skráður úr áfanga ef skýringar á fjarveru hafa ekki verið gefnar. Nemendur 18 ára og eldri bera ábyrgð á að setja sig í samband við skrifstofu vegna fjarveru. Foreldrar og forráðafólk nemenda yngri en 18 ára þurfa að hafa samband við skrifstofu ef um fjarveru er að ræða og gefa skýringu á henni.	20%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 9. janúar

Halldóra Björk Guðmundsdóttir